

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1132. tbl - 24. árg.

24. október 2024



Kirkjukór í tónleikaferð til Týrol



Félagar í Kirkjukór Ólafsvíkur lögðu land undir fót í síðustu viku og ferðuðust ásamt mökum til Brixen í Suður Týrol á Ítalíu. Í Brixen hélt kórinn tónleika með Männgesangverein Brixen 1862, karlakór á svæðinu, þann 19. október. Kirkjukór Ólafsvíkur hefur æft stíft fyrir þessa ferð og efndu þau til opinnar söngæfingar eða generalprufu sunnudaginn 13. október í Ólafsvíkurkirkju þar sem heimamenn gátu fengið

smjörþefinn af því sem færi fram á tónleikunum í Brixen. Hópurinn flaug svo út í viku langa dvöl á Ítalíu þar sem þau kynntu Ísland og Snæfellsbæ, sungu og nutu saman. Mikil ánægja var með tónleika Kirkjukórsins og karlakórs Brixen og er stefnan að bjóða þeim næst heim til Snæfellsbæjar. Meðfylgjandi mynd tók Þröstur Albertsson af kórnum tveimur saman.

SJ

Sædís norskur meistari

Sædís Rún Heiðarsdóttir og liðsfélagar hennar í norska fótboltafélaginu Vålerenga urðu norskir meistarar í knattspyrnu eftir sigur á Kolbotn á sunnudaginn. Ennþá eru þrjár umferðir eftir í norsku deildinni en Vålerenga er með 11 stiga forskot á liðið í öðru sæti, en aðeins níu stig eru eftir í pottinum. Sædís er búin að eiga mjög gott tímabil í Noregi og var hún í byrjunarliði liðsins í síðasta leik.

JJ



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Rúna Péturs komin í Sjóminjasafnið



Sjóminjasafninu á Hellissandi barst nýr sýningargripur í vikunni þegar bátinum Rúna Péturs RE478 var komið þar fyrir. Báturinn stendur nú tímabundið við

bílastæði safnsins en honum verður komið fyrir inni í garðinum seinna. Rúna Péturs var smíðuð árið 1980 af Jóhanni S. Karlssyni í Reykjavík fyrir Karl

Levi Jóhannsson en hann vann einnig að smíðinni. Báturinn er afturbyggður þilfarsbátur úr furu og eik. Hann er 9,83 metrar á lengd og 2,8 metrar á breidd. Frá árinu 2009 hét báturinn Boði SH-184 og var hann þá í eigu Kristjáns

Jóhannesar Karlssonar. Fjölskylda Jóa hefur undanfarið verið að lappa upp á bátinn og mun hann því án efa taka sig vel út meðal munanna í garðinum.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

1x2 Getraunir

Ekki féllu úrslit helgarinnar með tippurum bæjarfélagsins. Sá sem bestum árangri náði var aðeins með 8 rétt úrslit af 13 og aðrir með minna. Menn kenna um skrítnum úrslitum frekar en vankunnáttu, hvernig sem það gengur upp. Hvað um

það, við gefumst ekki upp og næsta laugardag mætum við í Áttthagastofuna klukkan 11.00 og verðum til 12.00 tilbúin til að takast á við nýjann seðil. Kaffi á könnunni.

Styðjum Víking.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Lögreglan fékk silfurdekkið



Ársfundur Orkustofnunar var haldinn í Hofi á Akureyri fyrir stuttu og fékk lögreglan á Vesturlandi viðurkenningu fyrir árangur í orkuskiptum bílaflota embættisins. Viðurkenningin sem ber nafnið „Silfurdekkið“ er hluti hvatakerfis stofnunarinnar til þess að hvetja ríkisstofnanir til þess að huga að orkuskipti bifreiða sinna. Lögreglan á Vesturlandi hlaut þennan heiður

fyrir að vera komin upp fyrir 60% hreinorku en embættið ekur nú um á 80% hreinorku. Þegar stofnanir hafa náð 90% árangri er viðurkenningin „Gulldekkið“ afhent og á stofnunin því ekki langt í land. Varðstjórinn Hafþór Ingi Þorgrímsson tók við viðurkenningunni fyrir hönd lögreglustjórans á Vesturlandi við tilefnið.

JJ

Tryggjum ánægðari viðskiptavinum

Sjóvá hefur verið efst tryggingafélaga
í Íslensku ánægjuvuginni sjö ár í röð.

SJÓVÁ

Sjóvá | Aðalgötu 10, Stykkishólmi | 440 2000 | sjova@sjova.is

Framboðslistar taka á sig mynd

Nú eru allir stjórnálflokkar komnir á fullt að skipuleggja og kjósa á framboðslista sína fyrir kosningarnar sem verða í lok nóvember. Sjálfstæðisflokkurinn í Norðvesturkjördæmi hefur nú þegar samþykkt listann sinn en Ólafur Ólafsson er þar í oddvitasæti. Í öðru sæti er Björn Bjarki Þorsteinsson en hann er sveitarstjóri í Dalabyggð. Þriðja sætið vermir Auður Kjartansdóttir en hún er bæjarfulltrúi Snæfellsbæjar og fjármálastjóri hjá Fiskmarkaði Íslands. Af öðrum á listanum sem hafa tengingu við Snæfellsnes má nefna Magnús Magnússon fyrrverandi sóknarprest í Ólafsvík en hann er í sjöunda sæti og í



Fjórtaða sæti er Sigríður Finsen úr Grundarfirði.

Þingmannafjöldi verður með breyttu sniði í kjördæminu en

eftir kosningarnar 2021 tilkynnti landskjörstjórn að í ljósi kjósenda á kjörskrá að baki hverju þingsæti skyldu vera sjö þingsæti í stað átta í

Norðvesturkjördæmi. Kjördæmið fær því einum þingmanni færri á þing að loknum kosningum.

JJ

HSH Fyrirmyndarhérað ÍSÍ



Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu fékk nýlega viðurkenningu sem Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Viðurkenningin var veitt á formannafundi HSH í grunnskólanum í Stykkishólmi þriðjudaginn 15. október síðastliðinn. Það var Hörður Þorsteinsson, gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSÍ, sem afhenti Hjørleifi Kristni Hjørleifssyni, formanni HSH, viðurkenninguna.

HSH hóf vegferðina að þessari viðurkenningu eftir kynningu á ársþingi sambandsins síðastliðið vor og hefur nú sett saman handbók sem inniheldur alla þætti gátlista Fyrirmyndarhéraða.

Stefnt er að því að öll aðildarfélög HSH verði Fyrirmyndar-

félög ÍSÍ í kjölfarið og feti þar með í fótspor íþróttahéraðsins. Hjørleifur Kristinn segir þessa viðurkenningu hjálpa HSH að vera sýnilegt og hvetur það áfram á vegferðinni sem unnið hefur verið að. Gott skipurit, skilgreining á hlutverki stjórnar og starfsmanna og skýr stefna í honum ýmsu málaflokkum gerir alla vinnu mun auðveldari.

Áhugasamir geta skoðað handbók HSH inná heimasíðu sambandsins. Á meðfylgjandi mynd eru Hjørleifur, formaður HSH, og Hörður, gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSÍ, við afhendingu viðurkenningarinnar.

SJ



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



Akstursstyrkir til íbúa í dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar geta sótt árlega um sérstakan akstursstyrk til að koma til móts við kostnað vegna aksturs barna til Ólafsvíkur í íþrótt- og tólmstundaiðkun.

Árlegur akstursstyrkur er kr. 30.000.-

Umsóknir skulu berast bæjarritara í tölvupósti.

Í umsókn þarf að koma fram nafn foreldris/forráðamanns, nafn barns/barna, kennitala og reikningsnúmer þar sem leggja á styrkinn inn.

Einnig þarf að fylgja vottorð/staðfesting frá þjálfara um að barnið sé skráð í íþróttir norðan heiðar.

Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar má finna á vef Snæfellsbæjar undir Stjórnsýsla – Reglur og samþykktir.

Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900 eða netfangið lilja@snb.is

Afmælishátíð og matarmarkaður

Laugardaginn 12. október fagnaði Svæðisgarður Snæfellsness tíu ára afmæli í Íbúa- og gestastofu Snæfellsness að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshrepp. Þar var afmælishátíð Svæðisgarðsins auk matarmarkaðs með ýmsum vörum úr héraði. Voru þar til sölu geitaafurðir, nýpupsteknar kartöflur og rófur, sjávarafurðir, nautakjöt, ís, ostar, sultur, skyr, konfekt og túlþípanar svo eitthvað sé nefnt frá aðilum af Vesturlandi, til að mynda voru þar Hafkaup, hjónin á Hraunsmúla, Hrisakot, Hofstaðir, Klemmi van der Zwet, Mýranaut, Rjómbúíð Erpsstaðir ásamt fleirum sem leggja hjarta og sál í að framleiða vestlenskar afurðir.

Á Vesturlandi eru mikil tækifæri, til sjós og lands, til að framleiða gæðavörur og veitingar og margir sem nýta sér það. Til viðbótar við allt úrvalið sem þarna var til sölu var rófusúpa löguð af Rúnari Marvinsyni, kaffi frá Kaffibrennslunni Valeria og te með kryddjurtum frá Ræktunarstöðinni Lágafelli í boði fyrir gesti og gangandi.

Öllum var velkomið að koma



á Breiðablik til að fagna stórafmælinu með Svæðisgarðinum og í leiðinni kynnst starfi hans, versla inn vörur úr héraði á matarmarkaði Matarauðs Vesturlands og njóta dagsins með nærsveitum. Matarhönnuðir og kennarar úr Listaháskólanum kynntu nýtt verkefni sem er að fara af stað þar sem hönnuðir munu vinna með matarframleiðendum á Snæfellsnesi og skrifað var undir samning um menningarverkefni í Íbúa og gestastofu Snæfellsness, sem er öllum opin, alla daga.

SJ



HREKKJAVAKA
Í PAKKHÚSINU
31 OKT KL: 16-18

- KAFFISALA IOBEKKJAR
- FONDURSMIDJA
- DRAUGABINGO
- DRUNGALÉGAR SKREYTINGAR FRÁ SMIDJUNNI

MENNINGARNEFND SNÆFELLSBÆJAR



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Kynjaskepnur í Þjóðgarðsmiðstöðinni

Nemendur Grunnskóla Snæfellsbæjar vinna þennan veturinn með íslenskar kynjaskepnur í myndlistartímum hjá Ingu Harðardóttir, myndlistarkennara skólans. Í verkefninu kanna nemendur hvernig kynjaskepnur hafa komið íslendingum fyrir sjónir í gegnum aldirnar.

Bækurnar Íslenskar kynjaskepnur eftir Jón Baldur Hlíðberg og Sigurð Ægisson, Skrímsli í sjó og vötnum á Íslandi eftir Þorvald Friðriksson og Museum

of Hidden Beings eftir Arngrím Sigurðsson eru notaðar í þessari vinnu nemenda og er sjónum sérstaklega beint að þeim kynjaskepnum sem frásagnir eru til um að sést hafi á Snæfellsnesi. Höfst verkefnið á að nemendur teikna kynjaskepnurnar eftir lýsingum á nokkrum skepnum úr framangreindum bókum og svo mótuðu þau kynjaskepnu að eigin vali úr leir. Að lokum veltu þau fyrir sér hvers konar kynjaskepna gæti átt heima í Höskuldará á



Hellissandi, hvernig hún liti út og hvað hún gerði. Hugmyndir nemenda voru svo útfærðar í vatnslitamyndir.

Verk nemenda í 2. til 4. bekk eru

nú til sýnis í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi þar sem gestir geta séð afrakstur myndlistatímanna og hugmyndaflug nemendanna.

SJ



Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2025

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2025

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara **fyrir 1. nóvember 2024**.

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2024 þurfa að **senda inn ársreikning** með áframhaldandi styrkbeiðni.

Athugið að engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.



Bæjarritari



Bleik messa í Ingjaldshólskirkju

Sunnudaginn 27. október kl. 14

Alda Dís og Mummi flytja tónlist.

Eftir guðsþjónustunna verða kaffiveitingar í boði.

Síðan hefst árlegur aðalsafnaðarfundur safnaðarins kl. 16

Velkomin öll og alltaf

HSH og ÍSÍ buðu upp á fyrirlestur

Í byrjun mánaðar buðu Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu og Íþrótt- og Ólympíusamband Ísland upp á fyrirlestur fyrir unglinga á Snæfellsnesi. Tílefnið var hreyfivika Evrópu og voru fyrirlestrarnir haldnir í Grunnskólunum í Stykkishólmi og Snæfellsbæ og ÍFSN. Fyrirlesturinn ber heitið Næringin skapar meistara og Elísa Viðarsdóttir, matvæla- og næringarfræðingur og landsliðskona í knattspyrnu, fræddi unglingana um efnið. Fyrirlesturinn var fræðsla um næringu, svefn og heilbrigða framtíð en hún hélt einnig fyrirlestur fyrir nemendur sem eru á íþrótt- og lýðheilsuþraut



FSN um það hvernig íþróttafólk getur hámarkað árangur sinn og hvernig breyttar áherslur í mataræði geta gagnast á þeirri vegferð. Nemendur voru áhugasamir og höfðu gaman að efninu.

JJ

Það á að vera Gott að eldast

Farsæl efri ár og góð tengsl



Gott að eldast er aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk sem byggir á nýrri hugsun í þjónustu við þennan stækkandi hóp í samfélagi okkar. Með henni er leitast eftir að breyta og bæta þjónustu við eldra fólk, meðal annars með því að gera hana einstaklingsmiðaðri.

Jafnframt er áhersla lögð á andlega, líkamlega og félagslega heilsuefningu en með virkni og félagslegri samveru er stuðlað að heilbrigðri öldrun.

Sex heilbrigðisstofnanir og 22 sveitarfélög voru valin til þátttöku í þróunarverkefni sem gengur út á að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimahúsum. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi var valið til að taka þátt í tilraunaverkefninu og eru það 9 sveitarfélög sem að verkefninu koma.

Það eru ýmiss verkefni sem unnið er að samkvæmt aðgerðaáætlun sem unnin var fyrir Gott að eldast. Meðal annars er lögð áhersla á að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu í hverju

sveitarfélagi fyrir aldrað fólk sem býr heima. Lögð er mikil áhersla á að skapa aðstæður svo fólk geti aukið virkni sína. Þar kemur heilsuefning og félagsstarf sterk inn og einnig öldrunarráðgjöf. Upplýsingar eiga að verða aðgengilegar á www.island.is og nú þegar er farið að safna þeim upplýsingum saman.

Lögð verður mikil áhersla á virkni fólks. Félagsleg einangrun er vaxandi í nútímasamfélagi og rannsóknir sýna að til mikils er að vinna með aukinni félagslegri virkni enda félagsleg einangrun stór áhættuþáttur einmanaleika. Nú hafa sveitarfélögin sem þátt taka í þróunarverkefninu hafið þátttöku í spennandi tilraunaverkefni með ráðningu svokallaðra tengiráðgjafa.

Hlutverk tengiráðgjafa er að leitast við að rjúfa einangrun eldra fólks með símtölum og heimsóknum og því að finna leiðir til að auka virkni. Það getur verið auðvelt úrlausnar, eins og með því að tengja saman fólk með svipuð áhugamál, eða krafist flóknara samstarfs milli þjónustustofnana.

Tengiráðgjafi þarf að hafa yfirsýn yfir bjargir nærsamfélagsins, sérstaklega þau úrræði sem eru líkleg til að auka félagsleg samskipti viðkvæmra hópa og vinna gegn einmanaleika. Tengiráðgjafi er þannig í góðum tengslum við aðila í heimabyggð til að nýta sem best þær bjargir sem fyrir eru til að ryðja úr vegi hindrunum á milli mismunandi þjónustuaðila og byggja upp tengingar á milli

þjónustuveitenda í sveitarfélaginu.

Á flestum stöðum mun þetta fela í sér samtal milli félagsþjónustu og heilsugæslu, félags eldra fólks, félagasamtaka, trúfélaga, sjálfbæðaliðasamtaka o.s.frv. Með þessu er nærumhverfið virkjað til þess að taka betur utan um þau sem eru félagslega einangruð eða einmana. Hlutverk tengiráðgjafa er þannig að stiga inn og finna lausn sem hentar hverjum og einum.

Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur lagt áherslu á að allir séu með í samfélaginu og taki þátt út frá sínum forsendum. Tengiráðgjafarnir munu fjölga tækifærum fyrir margt eldra fólk til félagslegrar virkni, draga úr einangrun í samvinnu við sveitarfélögin.

Hægt er að skoða nánari upplýsingar um verkefnið á www.stjornarrad.is/gott-ad-eldast

Opið hús, allir velkomnir!

Dagana 4.-6. nóvember verður boðið upp á íbúafundi í 7 sveitarfélögum á Vesturlandi. Þar verður verkefnið betur kynnt og íbúar hvattir til að taka þátt með okkur því nærsamfélagið þarf að taka virkan þátt. Viðburðir verða nánar auglýstir á samfélagsmiðlum og á heimasíðum viðkomandi sveitarfélaga.

Undirrituð er tengiráðgjafi fyrir Vesturland og hefur aðsetur á velferðarsviði Akraneskaupstaðar. Velkomið er að hafa samband varðandi ráðgjöf og upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði.

Laufey Jónsdóttir
Tengiráðgjafi
Gott að eldast á Vesturlandi
laufey@akranes.is
s. 899-3056

FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD MSC www.msc.org

Minningamót Vestarr

Minningarmót um fallna félaga hjá golfklúbbum Vestarr í Grundarfirði var haldið 15. septembersíðastliðinn á Bárarvelli í þriðja sinn. Þetta mót hefur verið haldið árlega í Grundarfirði frá árinu 2022 og er iðulega það mót sem lokar sumrinu hjá golfklúbbum. Fram til ársins 2018 var Kristmundarbikarinn haldinn, minningarmót um Kristmund Harðarson, sem lést fyrir aldur fram árið 2009. Árið 2021 lést svo virkur meðlimur í golfklúbbum og ári seinna, árið 2022, vildi Hugrún Elíasdóttir minnst vinkonu og golffélaga



og var sett á Minningarmót um fallna félaga. Er nýtt mótið til þess að heiðra alla þá félaga klúbbsins sem hafa fallið frá og ef félagi fellur frá á árinu sem líður

eru flutt minningarorð í upphafi mótsins. Spilað er í Texas stíl, tveir saman í liði og er ræst út á öllum teigum á sama tíma. Í ár tóku 20 manns þátt. Eftir mótið

er vaninn að halda pálínuboð en þar sem það var svo kalt í ár var súpa á boðstólnum í staðinn. Meðfylgjandi mynd tók Sverrick Karlsson á mótinu.



Vinnuföt í miklu úrvali

Kíktu við í verslun okkar á Ólafsbraut 57, Ólafsvík og kynntu þér úrvalið . Allt úrvalið er einnig hægt að skoða í vefverslun N1.



Sími þjónustuvers: 440 - 1385
Vefverslun N1 er opin allan sólarhringinn.

